



Kúm líður vel úti á beit og aukin hreyfing hefur ýmis jákvæð áhrif á líkamsstarfsemi þeirra.

Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Beit mjólkurkúa

Öllum nautgripum, að undanskildum graðnautum, er skylt að komast á beit á grónu landi í að minnsta kosti 8 vikur á hverju ári.



Baldur Örn Samúelsson.

Að setja mjólkurkúr út á sumrin hefur vissar áskoranir í för með sér og verið mismunandi eftir aðstæðum. Vel má hins vegar sigrast á þeim með góðu skipulagi og útsjónarsemi því ýmis ávinningur er af beitinni.

Áskoranir

Helstu áskoranirnar þegar mjólkurkúm er beitt er að oft vill nytin lækka og lenda sumir í að frumutalan hækkar en með góðum

undirbúningi og beitarstjórnun má koma að mestu í veg fyrir þessi áhrif. Fóðureining á beit ætti að vera ódýrari en í veruðu gróffóðri því ekki er búið að kosta til heyskap og geymslu á gróffóðrinu og gæti þessi sparnaður jafnvel réttlætt lítillaga lækun á nyt.


Beit virðist hafa jákvæð áhrif á fitu í mjólk svo það getur fengist verðmætari mjólk þegar hluti fóðrunarinnar er fenginn með beit. Búast má við hækkaðri frumutölu fyrstu dagana eftir að útivist hefst því þetta er breyting fyrir gripina og sumir eru viðkvæmari fyrir breytingum en aðrir.

Hægt er að lágmarka þetta með því að aðlaga gripina að beitinni og fóðurbreytingunni með því að setja kúr út að vori nokkru áður en beitin er tilbúin og þá á eldri tún með fullri innigjöf. Við upphaf

beitar er aukin hætta á að kúr í hárrí nyt fái graskrampa sem orsakast af magnesíumskorti, hægt er að koma í veg fyrir hann með því að gefa magnesíumrík steinefni fjórum vikum fyrir beit og fjórar fyrstu vikur beitarinnar, með steinefnablöndu eða – stampi/fötu.

Beitargróður og vatn

Góð beitartún innihalda blöndu af lystugum og orkuríkum grastegundum en við horfum ekki á alveg sömu grastegundir í almennri túnrækt og beitartúnarækt. Vallarrýgresi, vallarfoxgras, hávingull og rauðsmári eru góð beitar- og túnræktargrös og að hafa vallarsveifgras og hvítsmára í beitartúnunum styrkja svörðinn og eykur þol gegn traðki. Vallarfoxgras í hreinrækt er ekki heppilegt vegna



gisins svarðar og lítils endurvaxtar. Kúr velja gjarnan smára í beit og bindur hann köfnunarefni úr andrúmslofti en gæta þarf þess að smári þolir illa súran jarðveg og þarf sýrustig jarðvegsins helst að vera yfir pH 6.

Ekki er ráðlegt að byrja að beita fyrir en grösin hafa komist yfir 10 cm hæð því þá þurfa kúr að fara yfir stærra svæði til að fá nóg í sig og ná ekki að hámarka átið. Til að halda uppi afurðum ættu gripirnir líka að hafa aðgang að veruðu fóðri allan beitartímamann til að lágmarka áhrif af fóðurbreytingum sem geta orðið þegar skipt er á milli beitarhólfa.

Meginhræfni mjólkur er vatn og þurfa kúr því stöðugt aðgengi að fersku vatni en vatnsþarfir mjólkurkúa geta verið 70-110 lítrar á dag eftir því hve nytháar þær eru. Er því gott aðgengi að fersku vatni nauðsynlegt í beitarhólfum.

Beitarskipulag

Þrjú helstu beitarferfin eru stöðug beit, randabeit og skiptibeit.

Stöðug beit er þegar kúnum er beitt á sama svæðið samfellt í nokkurn tíma, nýting beitarinnar verður þá töluvert lakari samanborið við randabeit og skiptibeit en er ekki eins vinnufrek. Vegna verri nýtingar þarf stærra svæði til að halda góðum afurðum og þegar líður á beitartímamann þurfa gripirnir viðbótarfóður með beitinni til að halda uppi afurðum.

Randabeit er þegar gripunum er skammtað ákveðið magn af nýrri og ferski beit með léttum rafstreng. Randabeit er oftast nýtt þegar beitin er gæðamikil og verðmæt, t.d. oft þegar grænófóður er beitt svo sem fóðurkál eða næpur. Nauðsynlegt er að allir gripir komist að beitinni í einu og betra að röndin sé lengri

og mjórri frekar en stutt og breiðari svo nýtingin verði betri. Hægt er að randabeita hefðbundin tún og grænófóður með góðan endurvöxt en þá er rétt að friða þann part með rafstreng sem er búið að beita.

Skiptibeit er þegar beitarlandinu er skipt niður í passlega stór hólf sem er beitt síðan koll af kalli í stuttan tíma í senn, helst 1-3 daga. Kúr fá með þessu móti alltaf hæfilega sprottna beit, á meðan fær grasið í hinum hólfunum frið til að spretta. Ráðlegt er að setja gripina í beitarhólf þegar grashæðin er komin upp í 12-15 cm og hætta beit þegar grashæðin er komin niður í 5-8 cm. Í byrjun beitartímans er þó rétt að byrja í grashæðinni 8-10 cm. Hafa verður í huga að í hvert skipti sem beitarhólf er beitt minnkar nýtingin en gera má ráð fyrir að í hvert skipti sem kúm er boðið sama landið minnkar átið um 7-10%. Einnig þarf að gera ráð fyrir að þurfa að stækka beitarhólfinn eftir því sem líður á sumarið þegar grassprettan minnkar og gripunum verði beitt oft á sama landið, þá er líka einnig hægt að bæta við grænófóðurbeit. Skiptibeitin er vinnufrekari en stöðuga beitin en skilar betri nýtingu og jafnari gæðum beitar sem skilar betri og jafnari dagsnyt kúnna.

Áburðarþörf og viðhald beitar

Bera þarf nokkuð minna af áburði á beitartún en hefðbundin tún og gott er að miða við að bera um það bil 60-70 kg/ha af köfnunarefni, 5-10 kg/ha af fosfór og 0-20 kg/ha af kalí. Ef borið er á of mikill áburður á beitartún getur styrkur einstaka næringarefna orðið of hár í byrjun beitartímabilsins sem getur orsakað vandamál. Of hár styrkur kalís getur aukið líkur á graskrampa og of hár styrkur köfnunarefnis getur

Savage 93R17 17 HMR
með 3-9x40 sjónauka

kr 119.000

Savage 93R17 GVXP
17 HMR

kr 99.900

Savage 110 APEX PREDATOR XP
Sett Sjónauki 4-12x Vortex
cal 22-250-243-6,5 creed. Fötur, Deyfir sonic

kr.234.900

Savage Stevens 334 Hnota
cal 243 og 6,5 creed

kr. 112.900

Savage Mark II FVXP
22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi

kr. 89.900

Savage B22 FV-SR 22 cal
m/rail and sniðtaður

kr. 89.900

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is

valdið nítríteitrun og/eda þembu. Fyrirbyggja má nítríteitrun og þembu með því að hleypa kúnum ekki út svöngum á þannig beit.

Með tímanum fara beitarhólfir að verða toppótt sem dregur úr áhuga kúnna á beitinni. Þarf þá að fara yfir túnin með hagasláttuvél bæði til að taka toppana og til að hindra að illgresi sái sér. Mikilvægt er að dreifa ekki úr kúadellunum í bithaganum því það spillir beitinni og er því mikilvægt að hagasláttuvélin sé með landhjólum og slegið sé ekki of nærri jörð.

Gönguleiðir og mjaltþjónar

Mikilvægt er að huga vel að gönguleiðum að beitinni, þær þurfa að vera greiðar, sléttar og passlega mjúkar til að allar kýrnar komist sem auðveldast að beitinni. Gróf mól hentar ekki í undirlag þar sem stakir steinar geta sært klaufir kúnna. Gras er besta undirlagið en það má ekki vaðast upp, það þekkist að nýta gervigras á álagssvæðum.

Gæta þarf þess að það séu ekki flöskuhálsar líkt og þröng hlið þar sem þau eru líklegri til að vaðast upp í bleytutíð. Mikilvægt er að beitarhólfir séu ekki langt frá fjósinu, þá sérstaklega hjá mjaltþjónafjósum.

Beitarhólfir ættu ekki að vera lengra en 500-1000 m frá mjaltþjónafjósi. Best er að kýrnar hafi frjálstan aðgang að fjósinu svo þær geti leitað skjóls ef þær þurfa þess, þar ættu þær einnig að hafa aðgang að verkuðu fódri. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir mjaltþjónafjós svo kýrnar komist inn að láta mjólka sig og fengið kjarnfóður.

Hægt er að nýta beitina til að lokka í mjaltir á morgnana ef flokkunarhlið hleypir kúnum út eftir morgunmjaltir. Með flokkunarhliðum mætti flokka hjörðina eftir nyt og senda gripina á mismunandi beitarhólf til að hámarka nýtingu beitarinnar og halda uppi afurðum.

Útivist

Kúm líður vel úti á beit og aukin hreyfing hefur ýmis jákvæð áhrif á líkamsstarfsemi þeirra. Við sjáum jákvæð áhrif á líði, vöðva, fætur og klaufir. Ónæmiskerfi líkamans styrkist sem minnkar líkur á smiti og sjúkdómum, einnig er tíðni spenastiga lág og eykur útivistin hreysti gripanna. Það er því eftir töluverðu að slægjast með vel heppnaðri sumarreit.

Höfundur er ráðunautur í fóðrun.

Lagakeppni
Skógardagsins mikla
í Hallormsstadaskógi 22. júní 2024

Í tilefni þess að Skógardagurinn mikli á 20 ára afmæli hefur framkvæmdastjórn ákveðið að efna til samkeppni um lag.

Lag og texti þurfa að vera frumsamin. Lengd lags má að hámarki vera 3,5 mín. og skal skilað á mp3 eða mp4 skrá ásamt texta og upplýsingum um höfund/höfunda á skogardagurinn@gmail.com

Síðasti skiladagur er **25. maí 2024.**

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á Facebook síðu Skógardagsins mikla.

SKÓGAR DAGURINN MIKLI

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spennu 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

BETRI ÁRANGUR MEÐ
JOSILAC íblöndunarefni

10.190 kr. pr./bréf

9.390 kr. pr./bréf

Öll verð eru án vsk. Verð miðast við bréf (150g)

15% AFSLÁTTUR Í FORSÖLU
Gildir til 30. apríl

JOSILAC Ferm - 10.190 kr. - 15% afsl. 8.662 kr.
JOSILAC Classic - 9.390 kr. - 15% afsl. 7.982 kr.

Eykur fóðurgæði | Betri inntaka | Meiri meltanleiki
Heilbrigðari kýr | Betri afkoma

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi | Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum | www.landstolpi.is
480 5600 | 480 5610 | landstolpi@landstolpi.is



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmennir á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma 515 1100, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis